




AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR 2012-2030

Breyting- íþróttasvæði og efnistaka

07.12.2017

Breytt 30.04.2018



Skipulagsstofnun

Mótt.: 18. sep. 2018
Mál nr.

201609154



EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 ebla@ebla.is www.ebla.is



BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Leiðrétt orðalag þar sem áður stóð Flóðhólar stendur nú Eystri Langhólar.

Eftir ábendingar Skipulagsstofnunar:

Áður stóð í greinargerð að ekki væri heimilt að byggja varanlega byggingar. Því hefur verið breytt og er heimilt að byggja varanlegar byggingar og hafa skilmálar verið settir um fjölda m² og hæðir bygginga.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt

31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í
skipulagsnefnd:

þann 2/5 2018

Bæjarstjórn:

þann 9/5 2018

Tillagan var auglýst frá 19/10 2017

með athugasemda fresti til 1/12 2017

(undirskrift)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010

þann 28. september 2018

EFNISYFIRLIT

1	ALMENNT	6
1.1	Forsendur og markmið skipulagsgerðar	6
1.2	Staðhættir	6
1.3	Tengsl við aðrar áætlanir	7
1.4	Stefna í gildandi aðalskipulagi	7
1.5	Menningarminjar	8
1.6	Verndargildi	8
2	BREYTING Á AÐALKIPULAGI	9
2.1	Breytingar á uppdrætti – Nes - Lón	9
2.2	Breytingar í greinargerð	9
3	SKIPULAGSUPPDRÁTTUR	11
4	UMHVERFISSKÝRSLA	12
4.1	Skilgreining og mat á umhverfisáhrifum	12
4.2	Valkostir	12
4.3	Niðurstaða sveitarstjórnar	15

1 ALMENNT

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014. Breyting er gerð á þremur svæðum:

- Skotæfingasvæði – svæði skilgreint fyrir starfsemina við Grjótbrú
- Mótokrossbraut - fært norðar frá íbúðabyggð og að Eystri Langhólum
- Efnistökusvæði í Fjárhúsvík - skilgreint á uppdrætti og skv. flokki 3 í aðalskipulagi

Samhlíða aðalskipulagsbreytingunni eru auglýstar deiliskipulagsáætlanir fyrir skotæfingasvæðið og mótokrossbraut. Ekki verður gert deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið þar sem hún er skilgreind í flokk 3 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Settir verða skilmálar um umfang, frágang og umhverfisáhrif í þessari breytingu sem svo færist inn í greinargerð aðalskipulagsins.

Skipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð þessari og uppdrætti dags. 07.12.2017.

1.1 Forsendur og markmið skipulagsgerðar

Unnið hefur verið að því í samvinnu við íþróttafélög í sveitarfélagini sem stunda mótokross og skotæfingar, að finna svæði sem henta til iðkunar þessara íþróttar. Markmið með skilgreiningu nýrra íþróttasvæða í aðalskipulagi er að efla íþróttastarf í sveitarfélagini og tryggja fjölbreytni og möguleika til skipulegra æfinga. Með skipulagsgerðinni er einnig verið að tryggja gæði þessar svæða og draga sem mest úr áhrifum á íbúa vegna hljóðmengunar sem fylgir slíkri starfsemi.

Gert er ráð fyrir mótokrossbraut rétt norðan við bæinn við Eystri Langhóla. Mótokrossbrautin fellur undir tl. 11.1 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er í B- flokki og því tilkynningarskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar.

Gert er ráð fyrir skotæfingarsvæði við Grjótbrú þar sem skilgreina þarf skotbrautir, hljóðmanir og aðra aðstöðu sem tilheyrir slíkum svæðum.

Efnistökusvæði í Fjárhúsvík hefur verið nýtt til grjótnáms í nokkurn tíma. Það stendur nú opið og ófrágengið og var fellt út úr aðalskipulagi við síðustu endurskoðun. Markmið með opnum námunnar er að tryggja aðgengi að efni vegna viðhalds við sjóvarnargarða og að gengið verði frá námusvæðinu að efnistöku lokinni. Gert er ráð fyrir efnistöku við Fjárhúsvík í landi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að taka efni allt að 49.990 m³. Framkvæmdin fellur því undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum n.t.t. 1. viðauka, tl. 2.04, flokk C.

1.2 Staðhættir

Efnistökusvæðið er við Fjárhúsvík og er gömul og ófrágengin náma. Hún er staðsett nyrst á skilgreindu athafnasvæði (AT3). Svæði fyrir mótokrossbraut er staðsett rétt norðvestan við efnistökusvæðið, á landbúnaðarsvæði sem er nýtt til beitar fyrir hesta. Skotæfingasvæðið liggur um 10 km fyrir norðan Höfn, svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í aðalskipulagi og hluti af túnum er nýttur.

1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga m.a. er fjallað um landbúnaðarland. Eftirfarandi kemur fram í stefnunni og verður horft til þess við deiliskipulagsgerðina:

„2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands

Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvarðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu sambætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útvistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland.“

Ekki er búið að flokka landbúnaðarland í sveitarfélagini en slíkt er fyrirhugað við næstu heildar endurskoðun aðalskipulags. Umrædd svæði, þar sem breyta á landnotkun eru ekki notuð til ræktunar né talin ákjósanleg til þess.

Þar sem svæðin liggja á landbúnaðarsvæði þá þarf að leita samþykkis ráðherra fyrir breytingu á landnotkun á landbúnaðarsvæði sem er 5 ha eða stærra, skv. 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Svar barst frá ráðuneytinu þann 27. september 2016 þar sem ráðuneytið gerir ekki athugasemd við breytinguna.

Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðunum né í nálægð við þau.

1.4 Stefna í gildandi aðalskipulagi

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar segir um stefnu varðandi útvist og íþróttir: „*Stefna skipulagsins er að skilgreina fjölbreytt opin svæði á Höfn og tryggja aðgang íbúa og gesta að náttúrulegu umhverfi byggðarinnar og svara þörf fyrir skipulögð svæði til margvislegra skilgreindra athafna, íþróttu og leikja.“*

Í aðalskipulagi segir um efnistöku og efnislosun m.a.: „*Í mótu skipulags skal skilgreina eins og kostur er námur, stærð þeirra og umfang. Huga skal að möguleikum til að fækka og/eða sameina efnistökusvæði og marka stefnu um frágang þeirra. Mörg og fjölbreytt efnistökusvæði eru nauðsynleg sveitarfélagini vegna lengdar vegakerfisins innan þess, mikilvægra varnarvirkja við fallvötn og stendur og annarrar fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar.“*

Í kafla 20 um efnistöku- og efnislosunarsvæði segir m.a. að „*Sveitarfélagið hefur það að stefnu að nýta jarðefni í sveitarfélagini til mannvirkjagerðar, en með þeim skilmálum að huga þurfi að umhverfisáhrifum þeirra.*“ Þar segir einnig: *Til þess að gefa skýrt yfirlit um þær kvaðir sem gilda um efnistöku og efnislosun í sveitarfélagini er nánum skipað í 5 flokka og um þá gilda mismunandi skilmálar.* Umrædd efnistaka fellur í flokk 3 skv. aðalskipulagi þar sem stærðarmörk eru 10.001-49.990 m³. „*Hægt að veita framkvæmdaleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags, enda komi þar fram stærð námu, staðsetning, tegund efnis.*“



1.5 Menningarminjar

Vegna skipulagsvinnunnar hafa verið unnar fornleifaskráningar við Eystri Langhóla og við Grjótbrú. Skráningarnar voru gerðar af fornleifafræðingunum Völu Garðarsdóttur og Sigríði G. Björgvinsdóttur í janúar og febrúar 2017. Við Eystri Langhóla hafa fundist fjórar minjar og eru það tóftir og garðlög. Við Grjótbrú fundust minjar frá vatnsveitu Hafnarkauptúns, þegar neysluvatni úr Grjótbrúarlæk var veitt til kauptúnsins, í um 7 km leið. Aldur þessara minja heyra ekki undir lög um verndun menningarminja og því ætti ekki að vera þörf á frekari athugana. Vegna athugasemdar Minjastofnunar Íslands var gerð viðbótarskráning á mótokrossbrautinni n.t.t. vestan Austur- Fjárhúshóls í mars 2018. Engar minjar fundstu í viðbótarskráningunni. Setja skal nánari skilmála um verndun menningarminja í deiliskipulagi/framkvæmdaleyfi ef þess telst þörf og allar minjar merktar inn á uppdrátt í deiliskipulagi.

1.6 Verndargildi

Mótokrossbrautin og efnistökusvæðið liggja nálægt Skarðsfirði sem er nr. 629 á náttúruminjaskrá en um svæðið segir: „*Skarðsfjörður, Hornafjarðarbæ (áður Nesjahr. og Höfn), A-Skaftafelssýslu. (1) Fjörur, grunnsvæi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lifauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.*“ Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir í gr. 5.3.2.14. að ekki skuli byggja nær ám, sjó og vötnum en 50 metra utan þéttbýli. Nýtt svæði undir mótokrossbraut og efnistökusvæðið eru innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins skv. *þéttbýlisupprætti Höfn/Nesjahverfis* því gildir ekki þetta ákvæði en tryggja skal að almenningur geti komist að sjó hjá svæðunum. Þó svo að svæðin falli ekki undir 50 metra ákvæði reglugerðarinnar er staðsetning beggja svæðanna ekki nær sjó en 50 metrar til að tryggja verndun Skarðsfjarðar. Setja skal ákvæði um notkun/geymslu mengunarvaldani efna s.s. eldsneytis í framkvæmdaleyfi.

2 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingin á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar felur í sér breytta landnotkun þriggja svæða. Afmarkað verður nýtt íþróttasvæði fyrir skotæfingasvæði við Grjótbrú sem fær númerið Íþ 6 og svæði fyrir mótokrossbraut, Íþ 3 verður fært til norðurs upp að efnistökusvæðinu við Fjárhúsvík. Á núverandi svæði undir mótokrossbraut mun landnotkunin því breytast úr íþróttasvæði í opið svæði. Landnotkun fyrir gamalt efnistökusvæði E 86 við Fjárhúsvík verður afmarkað og svæðið sett í flokk 3 skv. skilgreiningu í aðalskipulagi.

Svæðin verða afmörkuð á uppdráttum og umfjöllun um þau bætt inn í greinargerð aðalskipulagsins í kafla 20 *Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)* og í kafla 23 *Íþróttasvæði (Íþ)*. Íþróttasvæðin eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Efnistökusvæðið liggur á mörkum athafnasvæðis og landbúnaðarsvæðis.

2.1 Breytingar á uppdrætti – Nes - Lón

Nýtt íþróttasvæði Íþ 6 fyrir skotæfingasvæði, verður merkt inn á skipulagsuppdrátt *Nes – Lón*. Svæði fyrir mótokrossbraut Íþ 3 verður fært norðar frá núverandi stað, að Eystri Langhólum á þéttbýlisuppdrátti. Eldra mótokross svæði verður breytt úr íþróttasvæði í opið svæði. Efnistökusvæði, E 86 verður merkt með hringtákni á þéttbýlisuppdrátti.

2.2 Breytingar í greinargerð

Í kafla 20, töflu 20.2 *Efnistöku- og efnislosunarsvæðið á Höfn* bætist við eftirfarandi:

E nr.	Staðsetning	Stærð / flokkur
E 86	Fjárhúsvík – grjótnám – sprengt úr klöpp – hringtákni – efni nýtt m.a. í sjóvarnargarða - samhlíða efnistöku á svæðinu fer fram landmótun á landinu og gengið verður frá svæðinu að efnistöku lokinni. Ganga skal frá svæðinu þannig að það falli aftur að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess. ~1 ha. Í framkvæmdaleyfi skal gera grein fyrir minjum og mögulegri mengun á vinnslutíma í samráði við þar til bærra eftirlitsaðila.	3

Við töflu 23.1 *Íþróttasvæði á Höfn og í Nesjum* í kafla 23 verður bætt við skotæfingasvæði við Grjótbrú Íþ 6, ásamt því að lýsing á svæði Íþ 3 mótokrossbraut breytist lítillega.

Íþ-nr.	Svæði	Lýsing
Íþ 3	Mótokrossbraut við Eystri Langhóla	Skipulögð akstursbraut og aðstaða vegna hennar, heimilt að byggja allt að 400 m ² . Byggingar verða á einni hæð. Stærð svæðis allt að 9 ha. Uppbygging skv. deiliskipulagi og skal setja skilmála í deiliskipulag m.a. um eftirfarandi: hljóðmanir og opnunartíma.
Íþ 6	Skotæfingasvæði við Grjótbrú	Skipulagt skotæfingasvæði og aðstaða vegna þess, heimilt að byggja allt að 300 m ² . Byggingar verða á einni hæð. Stærð svæðis allt að 16 ha. Uppbygging skal vera

skv. deiliskipulagi og skal setja skilmála í deiliskipulag um m.a. eftirfarandi: manir skulu vera meðfram og við enda skotbrautar, hljóðeinangrun húsa, opnunartíma og að ekki sé heimilt að hafa blyskot,

Í kafla 23 verður bætt við eftirfarandi um frágang eldra mótokross – svæðis:

Þegar starfsemi mótokross félagsins hefst við Eystri Langhóla skal ganga frá eldra svæðinu. Allar byggingar skulu fjarlægðar og skal móta landið í samræmi við aðliggjandi svæði. Sá skal staðargróðri í svæðið og halda í gönguleiðir sem liggja í jaðri svæðisins.

3 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Sjá uppdrátt dags. 07.12.2017 með breytingardagsetningu 30.04.2018.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

4.1 Skilgreining og mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisskýrsla er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa sem og leiðbeiningarblað nr. 11 um *Umhverfisskýrslu*. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum af breytrri stefnu. Þeir umhverfisþættir sem fjallað er um eru; náttúrminjar og landslag, menningarminjar og heilsa og öryggi.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Náttúruminjar, landslag og dýralíf	Munu breytingarnar fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar? Munu breytingar hafa áhrif á dýralíf – vistsvæði fugla? Munu breytingarnar hafa áhrif á ásýnd svæða?	Náttúruverndar� nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Náttúruminjaskrá – Austurland - svæði nr. 629 Vefurinn - www.namur.is vegna frágangs efnistökusvæðis
Menningarminjar	Munu breytingarnar hafa áhrif á friðlýstar fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
Heilsa, öryggi (náttúrvá, hljóðvist o.fl.)	Munu breytingarnar hafa áhrif á hljóðvist? Munu breytingarnar hafa áhrif á mengun jarðvegs?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlunar
Samfélag	Munu breytingarnar hafa áhrif á aðgengi íbúa að tómstundum?	Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 – stefna um útvist og tómstundir í kafla 3.8.

4.2 Valkostir

Ef ekkert er að hafst við að færa mótokross svæðið sem er svokallaður núll kostur munu íbúar verða fyrir áframhaldandi ónæði vegna hávaðamengunar frá núverandi staðsetningu. Sá valkostur sem varð fyrir valin er aðgengilegur yngri iðkenndum mótokross þ.e.a.s. þau geta gengið á æfingar, einnig er hægt að nýta landslagið á svæðinu til að draga úr hljóðmengun. Sveitarfélagið á ekki mikið land en umrætt svæði er í eigu sveitarfélagsins.

Við greiningu á staðsetningu fyrir skotsvæðið voru fjórir valkostir skoðaðir upphaflega. Í umhverfisskýrslunni eru aðeins bornir saman núll kostur og valinn kostur þar sem aðrir kostir töldust ekki raunhæfir t.d. vegna eignarhalds og lélegra samgöngutenginga. Núll kostur er að ekkert svæði verði skilgreint fyrir skotæfingar og núverandi landnotkun verði áfram skv. gildandi skipulagi. Slíkt er ekki í samræmi við stefnu í aðalskipulagi: lögð sé áhersla á að efla íþróttastarf í Hornafirði og standast kröfur um að gerðir séu góðir leikvangar svo fólk geti stundað skipulagðar íþróttir á öruggan hátt. Núll kostur getur einnig haft neikvæð áhrif á öryggi og heilsu fólks ef aðrir óskilgreindir staðir þar sem ekkert eftirlit er verði nýttir til skotæfinga.

Ekki voru skoðaðir kostir fyrir efnistökusvæðið þar sem um er að ræða eldra efnistökusvæði sem fyrirhugað er að klára efnistöku í og ganga frá svæðinu að því loknu. Bornir voru því saman tveir kostir núll kostur, óbreytt ástand sem er ófrágengið gamalt efnistökusvæði og valinn kostur sem sem fellst í að efnistökusvæðið er opnað aftur og að lokinni efnistöku er gengið frá svæðinu.

MOTOCROSS-SVÆÐI	VALKOSTIR	UMHVERFISÞÁTTUR			
		NÁTTÚRA & LANDSLAG	MENNINGARMINJAR	HEILSA & ÖRYGGI	SAMFÉLAG
	Núll kostur - gildandi skipulag Motocross- svæði áfram næri íbúðarbyggð	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Viðvarandi ónæði á íbúðarsvæðum vegna hávaðamengunar, sem er yfir leyfilegum mörkum í dag skv. reglugerð.	Íþróttaaðstaða er til staðar sem er í samræmi við skipulag áhrif því óveruleg.
	Breytt skipulag Skilgreint nýtt svæði við Eystri Langhóla	Liggur nálægt Skarðsfirði, sem er á Náttúrumínjaskrá. Nálægð við Skarðsfjörður er ekki talin hafa áhrif á minjagildi fjöru, grunnsævi, eyja og skerja né fuglalifs. Fjarlægð frá sjó meiri en 50 metrar.	Fornminjar eru innan skipulagssvæðisins og þarf að raska minjunum. Haft verður samband við Minjastofun Íslands til að fá leyfi til að raska minjum.	Landslagið vel til þess fallið að draga úr hljóðmengun. Sökum eðli starfsemi skapast af henni hávaðaáraun. Dregur úr ónæði/hávaða í norðurhluta þéttbýlis. Áhrifin eru metin óveruleg sé mótvægisáðgerðum fylgt.	Komið til móts við uppbryggingu og eflingu íþróttastarfs í sveitarfélagini skv. stefnu í aðalskipulagi. Svæðið býður upp á greitt aðgengi yngri iðkennda að svæðinu frá þéttbýlinu.
SKOTSVÆÐI	Núll kostur - gildandi skipulag Ekkert skotæfingasvæði og landnotkun óbreytt skv. gildandi skipulagi	Óveruleg áhrif engin röskun á minjum.	Óveruleg áhrif engin röskun á minjum.	Getur leitt af sér að skotæfingar fari fram á ósamþykktum svæðum þar sem ekki hefur verið gætt að öryggisatriðum né hljóðvist.	Ósamræmi við stefnu aðalskipulags um eflingu íþróttastarfs. Áhrif hinsvegar óveruleg.
	Breytt skipulag Skilgreint svæði fyrir skotæfingar við Grjótbrú	Landið er þegar raskað eftir beit. Engin röskun verður á áhugaverðum jarðmyndunum, mýrlendi, vötnum né fuglalifi.	Minjum á svæðinu verður ekki raskað þar sem þær eru ekki innan framkvæmdarsvæðis.	Svæðið býður upp á landmótun með mönum. Sökum eðli starfsemi skapast af henni hávaðaáraun, áhrifin eru metin litil sé mótvægisáðgerðum fylgt. Ekki er heimilt að hafa bílskot vegna hættu á mengun. Öryggi annarra s.s. hesta- og göngufolks verðu tryggt, m.a. með mönum og örðrum mótvægisáðgerðum sem setja skal skilmála um í deliskipulagi.	Komið til móts við uppbryggingu og eflingu íþróttastarfs í sveitarfélagini skv. stefnu í aðalskipulagi. Gott aðgengi er að svæðinu og það er í hæfilegri fjarlægð frá þéttbýlinu.
EFTNISTOKUSVÆÐI	Núll kostur – gildandi skipulag Náma ekki skilgreind að skipulagi og ekki gengið frá henni. Óbreytt ástand skv. gildandi skipulagi	Óveruleg áhrif, landslag helst óbreytt.	Óveruleg áhrif, engin röskun á minjum.	Óveruleg áhrif engin hætta á mengun jarðvegs né hljóðmengun.	Á ekki við.
	Breytt skipulag Efnistokusvæði opnað að nýju og gengið frá námu að lokinn efnistöku. Svæðið skilgreint í aðalskipulagi	Neikvæð áhrif verða á ásýnd á meðan á efnistöku standur en eftir að gengið verður frá námunni verða sjónræn áhrif mun minni og jafnvel jákvæð. Svæðið er gamalt námusvæði og ásýndar áhrif því komin fram að hluta. Á heildina litið eru áhrif óveruleg.	Áhrif geta verið neikvæð vegna nálægðar við minjar Fjárhúsvíkur. Skilmálar hafa verið settir um samráð við eftirlitsaðila Verði farið er eftir skilmálum eru áhrifin talin óveruleg.	Á ekki við.	

Jákvæð áhrif  Neikvæð áhrif  Óveruleg áhrif  Óviss áhrif 

4.3 Niðurstaða sveitarstjórnar

Mótökross – svæðið: Áhrif á two af fjórum umhverfisþáttum fyrir mótkross- svæðið eru talin óveruleg. Áhrif á heilsu og öryggi eru talin óveruleg ef farið er eftir mótvægisáðgerðum sem gerð er grein fyrir í skýrslu EFLU verkfræðistofu Aksturs- og skotæfingasvæði á Höfn – Hljóðvistargreinagerð, dagsetta júní 2016. Hljóðskýrla er sem viðauki við aðalskipulagsbreytinguna. Tryggja skal hinsvegar með skilmálum í deiliskipulagi fyrir mótkross- svæðið að raski verði haldið í lágmarki til að varðveita sem best svæði á náttúruninjaskrá og að fjöruborði verði ekki raskað. Fuglafræðingur skoðaði svæðið í apríl og maí 2017 og aftur í maí og júní 2017. Svæðinu lýsir hann m.a. sem túni þar sem heiðargæsir og grágæsir koma. Í maí fundust nokkur grágæsarhreiður, æðarhreiður og eitt svartsbakshreiður á svæðinu. Tvö tjaldþör voru rétt utan við svæðið og líklega eru nokkur hrossagaukshreiður og eitt spóahreiður innan svæðis. Brautin mun hafa áhrif á þessa fugla en áhrifin eru talin óveruleg þar sem sambærilegt svæði er í kring sem þessir fuglar geta fært sig yfir á. Áhrif á menningarminjar eru talin neikvæð þar sem líklega þarf að raska minjum sem fundust innan svæðisins en ekki liggur fyrir varðveislugildi minja. Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands til að fá heimild til að raska umræddum minjum. Áhrif á samfélag eru talin jákvæð þar sem komið er til móts við uppbyggingu og eflingu íþróttastarfs í sveitarféluginu skv. stefnu í aðalskipulagi.

Skotæfingarsvæðið : Áhrif á fjóra af fimm umhverfisþáttum eru talin óveruleg. Áhrif á heilsu og öryggi eru talin óveruleg ef farið er eftir mótvægisáðgerðum sem gerð er grein fyrir í skýrslu EFLU verkfræðistofu Aksturs- og skotæfingasvæði á Höfn – Hljóðvistargreinagerð, dagsetta júní 2016. Hljóðskýrla er sem viðauki við aðalskipulagsbreytinguna. Einnig eru mótvægisáðgerðir taldar tryggja öryggi annarra s.s. hestamanna en reiðvegur liggur í um 500m fjarlægð frá fyrirhuguðum skothúsum. Settir hafa verið skilmálar um manir meðfram og við enda skotbrauta, hljóðeinangrun hús og ekki er heimilt að hafa blýskot. Eru þessir skilmálar settir til að draga úr neikvæðum áhrifum og minnka líkur á hverskonar mengun. Einnig skal setja skilmála í deiliskipulag um aðgerðir til að tryggja að skotið sé að skotmarki, slíkt má tryggja með bjálkum yfir skotbrautir. Áhrif á samfélag eru talin jákvæð þar sem komið er til móts við uppbyggingu og eflingu íþróttastarfs í sveitarféluginu skv. stefnu í aðalskipulagi. Gott aðgengi er að svæðinu og það er í hæfilegri fjarlægð frá þéttbýlinu.

Efnistökusvæðið: Á heildina eru áhrif vegna opnunar námunar talin óveruleg en neikvæðra áhrifa geta gætt á framkvæmdartíma vegna vinnuvéla og vinnslu efnis í námunni. Áhrif geta verið neikvæð á verndarsvæði og minjar Fjárhúsavíkur, skilmálar hafa verið settir um samráð við eftirlitsaðila s.s. HAUST og Minjaværnd Austurlands við vinnslu framkvæmdaleyfis til að draga úr hættu á neikvæðum áhrifum. Ef farið er eftir skilmálum er metið að áhrif séu á heildina óveruleg. Hinsvegar geta áhrif eftir frágang verið jákvæð þar sem gengið verður frá svæðinu og það grætt upp. Svæðið er gamalt námusvæði og ásýndar áhrif því komin fram að hluta.